

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: afleiðingar og forvarnir

Scene URL: <https://napofilm.net/is/learning-with-napo/napo-for-teachers/napo-s-hazard-hunter-intervention-and-prevention>

Introductory text

Þetta kennslufni býður börnum upp á röð skemmtilegra verkefna til þess að hjálpa þeim við að finna og útskýra hættur og áhættur í umhverfinu bæði í skólanum og heima fyrir. Það býður börnum upp á leiðir til þess að þróa skilning á eigin ábyrgð í tengslum við áhættur og hættur og leggja mat á mismunandi áhættustig (mikil eða lítil áhætta).

Námsmarkmið

2. kennslustund - Hættuveiðimaðurinn Napo: afleiðingar og forvarnir

Að þekkja hvernig takast má á við fjölbreyttar hættur sem gætu skapað áhættu fyrir mig eða aðra

Að skilja eigin ábyrgð í tengslum við hættur og áhættur

Að leggja mat á mismunandi áhættustig

Að vinna sem hópur við áhættumat og greiningar

Upphaf

5 mínútur

Sýnið fyrsta atriðið úr Napo myndinni „Örugg byrjun - gættu annarra líka“ sem fylgir þessari kennslustund

- Af hverju ættum við að fyrirbyggja hættur sem snúa að okkur sjálfum og öðrum?
- Hvernig getum við fyrirbyggt slys þegar við sjáum hættulegar aðstæður?

Starfsemi

40/45 mínútur

Veiddu hættuna Sýnið Napo stikluna sem fylgir þessari kennslustund: [Hættugreining Napos - afleiðingar og forvarnir](#)

Myndin: Örugg byrjun: Atriði: Gættu annarra líka

Myndin: Hættuleg viðskipti: Atriði: Bregðast við hættum

- Ræðið og skilgreinið hætturnar í atriðunum og hvers kyns áhættur nemendur eru meðvitaðir

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: afleiðingar og forvarnir

um. Hvetjið börnin til þess að útskýra hvað þau myndu gera til þess að koma í veg fyrir hættur og áhættur.

- Ræðið hvernig sumar hættur eru hættulegri en aðrar með því að búa til lista yfir hættulegustu hætturnar. Spyrjið börnin hvaða hættum sé mikilvægast að bregðast strax við. (Sjá fylgiblað).
- Búið til lag, dans eða stutt leikrit til þess að hjálpa fólki við að muna hvernig það getur varið sjálft sig og aðra gegn hættum.

Aukaverkefni

- Kynning/umræður um fjölbreytni hættu sem kunna að verða á vegi okkar á grundvelli valinna Napo myndstikla (vegaslys, rafmagn, skrikun fótar og hrösun, fall úr hæð – t.d. úr stiga, kemísk efni, hávaði o.fl.).
- Umræður um umönnun annarra, hvernig er hægt að fyrirbyggja að þeir verði fyrir slysum (forðast áhættur, upplýsa aðra um nýjar áhættur sem hafa greinst).
- Umræður um hvernig eigi að bregðast við áhættum á grundvelli valinna Napo myndstikla.
- Hópastarf af ýmsu tagi t.d. verkefni sem talin eru upp á næstu síðu.

Listi yfir hugsanlegar Napo stiklur fyrir aukaverkefni má finna hér:

www.napofilm.net/is/napos-films

mat

Í lok kennslustundarinnar geta börnin búið til lag, rapp eða rím sem dregur efnið saman og segir hvað þau hafa lært um hættuveiðar.

Kennarar og nemendur meta kunnáttuna með því að nota þetta kerfi:

- **Gull:** Ég get útskýrt að minnsta kosti þrjár gerðir af hættum og áhættum fyrir sjálfum mér og öðrum. Ég get lagt mat á áhættuna og bent á afl eiðingar á heilsu okkar, hvaða aðgerðir ætti að grípa til í hverju tilviki til að draga úr áhættu.
- **Silfur:** Ég get útskýrt hættu og áhættu (fyrir sjálfum mér og öðrum) heima hjá mér og í bekknum. Ég get greint hvað eigi að gera í báðum tilvikum og útskýrt það með skýrum hætti.
- **Brons:** Ég get útskýrt hvað áhætta er og greint hvað eigi að gera.

Nauðsynleg gögn

- Límmiðar
- Tambúrína fyrir rapp (valkvætt)
- Fylgiblöð fyrir kennara: Íhlutun og forvarnir
- veggspjald fyrir hættugreiningu (með lausnum)
- Hópastarf: Hættu-hús Napo

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: afleiðingar og forvarnir

- Hættuveiðar/-greining – skýrsla
- [Napo eltir hættur og áhættur: afleiðingar og forvarnir](#)

Til þess að hlaða niður úrræðunum sem fylgja með, farið þá á: [Efnissafn](#)

Hlekkir á greinar/námsskrá

Persónuleg, félagsleg og heilbrigðiskennsla

Heimilisvörur eins og t.d. lyf geta verið varasamar ef þær eru ekki notaðar á réttan hátt. Reglur um leiðir til þess að finnast að maður sé öruggur, líka öryggistilfinning utanhúss, einnig um fólk sem getur hjálpað til við að auka öryggi okkar. Að átta sig á því hvernig hegðun þeirra getur haft áhrif á annað fólk.

Vísindi

Að vita að hættur leynast í lifandi hlutum, kemískum efnum og líkamlegri hreyfingu. Að leggja mat á áhættur og grípa til aðgerða til þess að draga úr áhættum fyrir þau sjálf og aðra. Nemendur ættu að fá innsýn í notkun kemískra efna heima fyrir, merkingar þeirra og meðhöndlun. Meðhöndlun náttúrulegra efna og gerviefna.

Fræðsla um almenna hegðun

Að átta sig á hættum, leggja mat áhættur sem af þeim leiða.

Tungumál/móðurmál

Búa til einfaldar setningar til þess að semja sögu með uppbygginguna upphaf, miðja og endir.